

1970 nr. 87 6. ágúst**Lög um gjöld til holræsa, gangstétta og varanlegs slitlags á götum á Akureyri**

Upphaflega l. 66/1917. Tóku gildi 14. nóvember 1917. Endurútféfin, sbr. 3. gr. l. 45/1970, sem l. 87/1970. Tóku gildi 9. september 1970. Breytt með: L. 17/1996 (tóku gildi 1. jan. 1997).

■ 1. gr.

□ Þar sem bæjarstjórnin hefur lagt holræsi í götu á kostnað bæjarsjóðs, er hverjum húseiganda skylt að gera á sinn kostnað ræsi, er flytji allt skolp frá húsi hans út í göturæsið. Skulu þau ræsi ekki vera lakari að gerð en göturæsin og gerð undir umsjón veganeftndar eða þess manns, er hún felur umsjónina, samkvæmt reglugerð, er bæjarstjórnin setur um til-

högun skolpræsa innan húss og utan. Skal í þeirri reglugerð ákveða, að regnvatn skuli leitt í göturæsin. Vanræki nokkur að gera þetta innan hæfilegs frests, sem bæjarstjórnin setur, getur bæjarstjórnin látið vinna verkið á kostnað húseiganda.

□ Fyrir öllum kröfum, sem bæjarstjórnin öðlast á hendur húseigendum og lóðareigendum, samkvæmt framansögðu, hefur bæjarsjóðurinn lögveð í húsinu eða lóðinni, og gengur sá veðréttur fyrir öllum veðskuldum eftir samningi.

■ 2. gr. . . . ¹⁾

¹⁾ L. 17/1996, 7. gr.

■ 3. gr.

□ Lögtaksréttur fylgir öllum kröfum samkvæmt lögum þessum.